

# Greiðsluaðlögun og umboðsmaður skuldara



**KYNNING Á DRÖGUM AÐ FRUMVÖRPUM**  
**23. MARS 2010**

# Greiðsluaðlögun

2

- **Drög að frumvarpi um greiðsluaðlögun einstaklinga**
  - Er byggt á norskum lögum um “gjeldsordning”
  - Lög um greiðsluaðlögun gilda einnig í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku
  - Einnig byggt á reynslu af framkvæmd gildandi laga
- **Lagaskil**
  - Lagt til að lög um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði gildi áfram
  - Lagt til að X. kafli a í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og lög um réttaraðstoð til einstaklinga sem leita nauðasamninga gildi til 1. júní 2011 og að hægt verði að sækja um úrræði samkvæmt þessum lögum til næstu áramóta.

# Breytingar sem leiða af frumvarpsdrögum

3

- **Helstu breytingar frá gildandi lögum**
  - Fært til félags- og tryggingamálaráðuneytis
  - Ein umsókn um heildræna greiðsluáðlögun
  - Greiðsluáðlögun nær til samningskrafna og veðkrafna
  - Nær til allra veðkrafna – ekki bara veðkrafna í íbúðarhúsnæði
  - Ekki skilyrði um lögheimili á Íslandi
  - Skilyrði um atvinnurekstur breytt
    - ✦ Ekki lengur skilyrði að atvinnurekstri hafi verið hætt
    - ✦ Enn skilyrði að lítill hluti af heildarskuldum stafi frá atvinnustarfsemi
  - Meira samræmi í meðferð og úrvinnslu
    - ✦ Umboðsmaður skuldara setur verklagsreglur og tilnefnir umsjónarmenn
    - ✦ Einn héraðsdómstóll fer með öll málin

# Umsókn um greiðsluaðlögun

4

- Umsókn um greiðsluaðlögun beint til umboðsmanns skuldara
- Umboðsmaður aðstoðar við útfyllingu umsóknar
- Umboðsmaður tekur afstöðu til hvort veita á heimild til greiðsluaðlögunarumleitana
- Umboðsmaður tilnefnir umsjónarmann með greiðsluaðlögun
  - Umsjónarmaður er löglærður
  - Getur verið starfsmaður umboðsmanns
  - Getur verið verktaki hjá umboðsmanni

# Tvö stig greiðsluaðlögunar

5

- **Frjáls greiðsluaðlögun**
  - Innköllun
  - Umsjónarmaður semur frumvarp til greiðsluaðlögunar
  - Umsjónarmaður reynir að ná samningi við kröfuhafa um greiðsluaðlögun
- **Þvinguð greiðsluaðlögun**
  - Ef samningar takast ekki við kröfuhafa getur skuldari krafist þess að málið verði sent til héraðsdóms
  - Aðilar fá möguleika á að tjá sig
  - Héraðsdómari úrskurðar um greiðsluaðlögun

# Eignir skuldara

6

- Umsjónarmaður getur krafist þess að skuldari selji eignir, sem bersýnilega er ósanngjarnt að skuldari haldi eftir
- Umsjónarmaður metur verðmæti eigna sem skuldari heldur eftir

# Skipting greiðslna til kröfuhafa

7

- Miðað er við að eignum og afborgunum sé skipt hlutfallslega milli kröfuhafa eftir fjárhæð krafna
- Undantekningar frá meginreglunni:
  - Kröfur tryggðar með veði
    - ✦ Heimilt að fella afborganir niður á greiðsluaðlögunartíma
    - ✦ Veðkröfur umfram matsverð eignar verða að sammingskröfum, verða hluti af greiðsluaðlögun og falla niður við lok greiðsluaðlögunar
    - ✦ Veðkröfur að matsverði eignar standa eftir við lok greiðsluaðlögunar
  - Kröfur um opinber gjöld
  - Kröfur um framfærslu og meðlagsskyldu
  - Kröfur sem eiga rætur að rekja til refsiverðs athæfis
  - Minniháttar kröfur
  - Vextir og kostnaður
  - Eðli kröfu
  - Námslán

# Breytingar á greiðsluaðlögun

8

- Gert er ráð fyrir að greiðsluaðlögun standi að jafnaði í 3-5 ár
- Heimilt er að breyta greiðsluaðlögun á greiðsluaðlögunartíma bæði að kröfu skuldara og kröfuhafa



# Umboðsmaður skuldara

9

- Í frumvarpsdrögum er lagt til að sett verði á stofn embætti umboðsmanns skuldara
  - Ríkisstofnun
  - Byggt á grunni Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna
- **Hlutverk**
  - Veita einstaklingum í greiðsluerfiðleikum aðstoð
  - Milliganga um samskipti og samninga við lánardrottna
  - Framkvæmd greiðsluaðlögunar
  - Móttaka erinda skuldara
  - Hagsmunagæsla fyrir skuldara
  - Ráðgjöf og fræðsla um fjármál heimila

# Kostnaður af rekstri stofnunarinnar

10

- **Lagt til að þeir sem stunda lánveitingar greiði kostnað af starfsemi stofnunarinnar**
  - Fjármálafyrirtæki sem fengið hafa starfsleyfi sem lánastofnanir á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002
  - Greiðsla í hlutfalli við umfang lánastarfsemi
  - Ekki gert ráð fyrir að kostnaður falli á ríkið vegna stofnunar embættisins